

Nr. 29.
26. okt.

Lög

um

málskostnað einkamála.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til málskostnaðar telst:

1. Kostnaður af sáttatilaun, stefnubirtingu og dóms, þingvottagjald, rjettargjöld, gjald fyrir eftirrit og þess konar önnur gjöld.
2. Ferðakostnaður dómanda og dagpeningar.
3. Þóknun til aðilja eða umboðsmanna hans fyrir ómak eða umin verk.
4. Kostnaður af mats- og skoðunargerðum, og önnur gjöld, er aðili hefir haft beinlínis vegna þess máls.

2. gr.

Dómari kveður á í dómi aðalmáls um greiðslu og upphæð málskostnaðar, að því leyti sem hann er þá á fallinn, enda geri aðili kröfu þar um.

Þann kostnað, sem á fellur eftir að mál er tekið undir dóm og þar til dómi er fullnægt, getur aðili lagt undir úrskurð fógeta.

3. gr.

Rjett er aðilja að leggja fram sundurliðaðan reikning í máli yfir kostnað sinn, og skal dómari svo meta málskostnað, að telja megi aðilja þann, er málskostnað fær, skaðlausan af, nema svo sje, að aðili hafi greitt eða heitið umboðsmanni sínum eða öðrum óhæfilega háu kaupi fyrir starf hans í málinu eða í sambandi við það.

4. gr.

Sá, er dómkröfur hans eru í öllum verulegum atriðum teknar til greina, skal fá goldinu málskostnað samkvæmt því, er áður segir.

Enn fremur skal dæma aðilja til að greiða málskostnað, hvort sem dómkröfur hans eru teknar til greina eða eigi:

1. Ef hann hefir höfðað mál að ófyrirsynju.
2. Ef hann hefir eigi sjálfur sótt eða sækja látið sáttafund eða sáttamót fyrir dómi, enda hafi nauðsyn eigi bannað.
3. Ef hann hefir vísvitandi dregið mál óþarflega lengi, haft uppi vísvitandi rangar kröfur eða skýrt vísvitandi rangt frá atvikum, er máli skifta.

5. gr. Nú hefir maður gert ráðstafanir eða látið fram fara athöfn í máli, svo sem vitna-leiðslu eða matsgerð, er að mati dóms eru þarflausar eða þýðingarlausar, og á hann þá eigi heimtingu á endurgjaldi þess kostnaðar, er þær höfðu í för með sjer. 29. okt.

6. gr.

Nú vinnur maður mál að nokkru, en tapar því að nokkru, eða veruleg vafaatriði eru í máli, og er dómara þá rjett að láta málskostnað niður falla að nokkru eða öllu.

7. gr.

Nú hefir aðili höfðað gagnsök, og skal þá um málskostnað fara eftir því, sem um aðalsök er áður sagt.

8. gr.

Nú segir svo í dómi, að komið skuli undir eiði eða drengskaparheiti aðilja, hvort krafa verði til greina tekin, og skal þá sá greiða málskostnað, er tapar vegna þess, að eiður eða heit er unnið, eða vegna þess, að eiður eða heit verður eigi unnið.

Nú eru sumar dómkröfur taldar fullsannaðar, en sumar látnar vera undir eiði eða drengskaparheiti aðilja komnar, og er dómara þá rjett að dæma þann, er tapar að því leyti, til að greiða nokkurn hluta málskostnaðar, en láta um greiðslu hins hlutans fara eftir 1. málsgr. þessarar greinar.

9. gr.

Nú er máli vísað frá dómi eða það er hafið, og skal þá gera sækjanda þess máls að greiða málskostnað.

Nú þingfestir maður eigi mál sitt, enda hafi hinn sótt þing, og skal sækjandi þá greiða stefndum málskostnað, nema hann hafi afturkallað stefnu sína í tækan tíma.

10. gr.

Nú fær maður gjafvörn eða gjafsókn, og skiftir það engu um skyldu hans til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað. Rjett er og að dæma gagnaðilja gjafsóknarhafa eða gjafvarnar til greiðslu málskostnaðar að lögum, enda varðar þar engu, þótt hinn hafi haft gjafsókn eða gjafvörn.

11. gr.

Rjett er aðiljum að semja um greiðslu málskostnaðar.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—5—7, 24 og 31 og 1—6—20, að því leyti sem þar greinir um málskostnað, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918 og taka til allra þeirra mála, er hjeradsstefna í aðalmálinu er út gefin eftir þann tíma.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.